

Í framangreindum verðum er innifalinn söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 148 9. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. janúar 1974.

Nr. 35.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. febrúar 1974 taka gildi breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja, eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum, er ekki innifalinn 14,1% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. nóvember 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

30. janúar 1974.

Nr. 36.

REGLUGERÐ

um holræsi í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Tenging við aðalæð er aðeins heimil undir umsjón viðkomandi starfsmanna bæjarins. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða vatns- og skólpveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.